

# Hugmynd um verkefni í samfélagsgreinum fyrir unglíngastig



Helgi Skúli Kjartansson

Verkefnið, sem hér fylgir á eftir, er lagt fram til kynningar og umræðu, í þeirri von að einhverjir lesendur a.m.k. hugleiði það. Og jafnframt í þeirri veiku von að einhverjum nýtist það í raunverulegri kennslu, en þá að sjálfsgöðu með þeim breytingum sem hver kennari kys að gera á því.

Verkefnið snýst um Jesú og guðspjöllin og er gengið út frá því að hinn jarðneski Jesús hafi verið til. En nemendur eiga að geta unnið verkefnið saman án þess að vera sammála um hvort guð sé til og hvort hann hafi þá opinberast í Jesú og guðspjöllunum eða ekki.

Verkefnið felst í að kynna Biblíunni, einkum guðspjöllunum, með því að rýna í frásagnir þeirra af tveimur veislum sem Jesús tók þátt í. Um leið fæst nokkur æfing í að nota frásagnirnar sem heimildir um lífið á dögum Jesú og bera þær saman við aðrar heimildir, þ.e. myndlist síðari tíma. Einnig sjá nemendur dæmi um að þýðing jafngildir ekki alltaf frumtexta.

Mælt er með að nemendur fái verkefnið búið niður í vefskjöl, geti skoðað þau í spjaldtölvu eða fartölvu og opnað krækjur. Má kennari þá vera við því búinn að einhverjar krækjurnar séu ekki lengur virkar og þurfi að finna aðrar leiðir.

Verkefnið er nokkuð stórt. Það skiptist í sjö tölusetta kafla og eiga þeir fyrri að vera einfaldari. Kennari, sem vill prófa að nota verkefnið, ætti að leggja fyrir þrjá eða fjóra fyrstu kaflana og halda ekki áfram nema þeir veki áhuga. Ef vel gengur má halda áfram með síðari

kaflana, kannski þannig að við þá glími aðeins þeir nemendur sem sýnt hafa sérstakan áhuga á þeim fyrri. Þeir geta síðan gefið bekknum skýrslu um vinnu sína.

Verkefnið hentar að vinna að verulegu leyti í hópvinnu. Kennari ákveður þá hvenær allir hópar gera það sama og hvenær hentar að skipta með þeim verkum: t.d. þannig að fjórir hópar vinni hver með sitt guðspjall; að sérstakur hópur leiti að myndum á netinu og sýni svo bekknum; eða að nemendur með erlent móðurmál noti guðspjöllin á þeim málum (sem einstaklingar eða sérstakur hópur ef þeir eru nokkrir í bekknum) meðan aðrir hópar nota þau á íslensku.

Aftanmálgreinar eru ætlaðar kennaranum og má fjarlægja þær úr vefskjölum sem nemendur fá aðgang að.

## Varnaglar

Ég hef lítið kennt nema á háskólastigi, eitthvað í framhaldsskólum fyrir löngu, en mjög lítið á unglingastigi. Þess vegna er auðvitað hætt við að hugmynd mín um verkefni fyrir unglingakennslu missi marks, eða þurfi a.m.k. umbóta við.

Ég hef að vísu talsverða reynslu af námsefnisgerð og hef í því samhengi samið fjöldann allan af nemendaverkefnum, en þá undir faglegri ritstjórn. Hvað sem segja má um þau verkefni að öðru leyti, þá sé ég nú, þegar ég lít um öxl, að þau voru að tvennu leyti bagalega takmörkuð:

- Of bundin við mína faggrein, söguna, og þekkingarmarkmið hennar.
- En aldrei nægilega miðuð við *fjölbreyttan* nemendahóp.

Verkefnið hér á eftir er eins konar síðbúin „yfirbót“: tilraun til að semja þó einu sinni verkefni þar sem þessir gallar séu a.m.k. ekki áberandi.

Ögn af sögulegum fróðleik gætu nemendur reyndar öðlast af verkefninu, en fróðleikskorn líka sem flokka má undir trúarbrögð, þjóðhætti, myndlist, bókmenntir, jafnvel tungumál. Og í heild ætti verkefnið að veita *þjálfun í vinnubrögðum* miklu frekar en að miðla einhverjum verulegum fróðleik.

Vinnubrögðum sem að vísu snúast æði mikið um að rýna nákvæmlega í texta, sem óneitanlega gerir vel læsum nemendum hátt undir höfði. En ekki aðeins eða endilega læsum á íslensku; nemendur sem hafa vald á öðrum tungumálum fá tækifæri til að njóta þeirrar færni. Einnig eru notaðar myndrænar heimildir sem geta hentað sumum nemendum betur en textarýnin. Og niðurstöðum á ekki endilega að skila í orðum heldur líka í eins konar

sviðsetningum, sem einnig kann að hæfa áhuga eða færni vissra nemenda sem ekki njóta sín eins vel á sviði málnotkunar.

Verkefnið er að því leyti ófullgert að fyrirmæli til nemenda eru hvergi nærri tæmandi. Víða er reynt að leiða þá áfram með spurningum, en aldrei sagt hvernig svörin eiga að birtast: skriflega eða munnlega, frá hópum eða einstökum nemendum. Það getur hver kennari metið miklu betur en ég.

Þá er það óneitanlega býsna ófagmannlegt að semja nemendaverkefni án þess að hafa jafnframt í huga námskrá skólastigsins og markmið hennar eða mælanleg hæfniviðmið. En það verð ég að játa á mig. Gekk bara út frá lítilli athugun sem ég hafði af tilviljun gert sjálfum mér til skemmtunar og þótt athyglisverð.

Víst bregður ýmsu fyrir sem út af fyrir sig er gott að nemendur kynnist. Eins og t.d. páskahátíð Gyðinga sem síðan varð að páskum kristninnar. En að skoða einhver smáatriði veitinganna á „hátíð ósýrðu brauðanna“, það leiðir nú varla til þess að nemandi geti, eins og námskráin ætlast til, „*túlkað ... hátíðir*, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims“. Og þó gott sé að nemendur *kynnist* guðspjöllunum með því að vinna nákvæmlega með fáeinar af frásögnum þeirra, þá nær það tæplega upp í það háleita markmið að þeir geti „*túlkað frásagnir... kristni og annarra helstu trúarbragða.*“ Nei, til að unglingur geti *túlkað* trúarbrögðin, til þess þarf eitthvað miklu markvissara sem ég kann ekki að semja. Í verkefninu eru töluverð tækifæri til að skoða myndlist, bæði tiltekin verk og önnur sem nemendur gætu leitað uppi. En varla neitt sem stuðlar að því að nemandi geti „gert grein fyrir ... *tilgangi myndlistar*“.

Ég reyndi að útfæra verkefnið með áherslu á að taka eftir smáatriðum í texta – þjálfun sem *gæti* þó altént þjónað hæfniviðmiðum um læsi. Gæti eða gæti ekki. Hópverkefnum af þessu tagi má líkja við sáðmanninn í dæmisögu Jesú, þann sem dreifði fræjunum og „féll sumt hjá götunni ... Sumt ... á klöpp. ... Og sumt ... meðal þyrna. En sumt féll í góða jörð ...“ Að verkefni falli „í góða jörð“ hjá nemendum, það táknar umfram allt að það vekir *áhuga*, laði þar með til *einbeitingar* og raunverulegrar *samvinnu*. Kennari, sem leggur fyrir nemendur sína verkefni þessu líkt, vonast til að hjá *sem flestum* beri það *einhvern* ávöxt. En ekki sama fyrirfram skilgreinda ávöxt hjá hverjum og einum sem staðfesta megir í lok námslotu. Raunverulegri hópvinnu fylgir verkaskipting, bæði milli hópa og innan þeirra. Nemendur fá því mismunandi þjálfun sem ekki má ætlast til að bæti því sama í hæfnisarpinn hjá öllum.

Allra síst ef reynt er að virkja fjölbreytnina. Nú er það vissulega hæfniviðmið í erlendum tungumálum að nemandi geti „aflað sér upplýsinga úr texta ... og nýtt sér í verkefnavinnu“, einmitt eins og hér er bent á að gera með því að bera saman enskar Biblíupýðingar. En ég

get ekki mælt með að virkja verkefnið í þágu enskukennslunnar með því að láta alla glíma við þennan samanburð. Miklu fremur að fela það einum hópi nemenda sem hafa forsendur til að gera það af áhuga og með árangri - ef slíkur hópur finnst í bekknum. Ennþá frekar hlýtur það þó að fara eftir aðstæðum hvort hægt er að mynda hóp nemenda sem allir eiga erlent móðurmál, annaðhvort það sama eða mismunandi, og geta þá unnið með Biblíupýðingar á sínu máli eða málum; eða hvort einstakur nemandi treystir sér til að gera það einn síns liðs. Ekki af því að sú þjálfun myndi endilega skila sér í uppfyllingu hæfniviðmiða, heldur gæti það þjónað félagslegu hlutverki að nemandi fái tækifæri til að nýta sérstöðu sína með framlagi sem ekki er á valdi annarra. Svo má líka gera sér vonir um að slík þjálfun falli í svo góða jörð að nemandinn myndi á fullorðinsárum nýta sér hana, þegar og ef tilefni gæfist, til að skoða hvernig aðrir hlutir eru orðaðir í þeirri Biblíu. En um það getur kennarinn minnst vitað þegar námslotu lýkur.



## Til borðs með Jesú

Í þessu verkefni skoðum við tvær frásagnir Biblíunnar af Jesú þar sem hann tekur þátt í matarveislu. Við athugum hvernig borðhaldinu er lýst, bæði í Biblíunni og í myndlist, lærum eitthvað um borðsiði í fornöld og prófum að nota Biblíuna sem heimild, ritið sem um aldir hafði meiri áhrif en nokkurt annað á hugarheim Íslendinga.

# 1 – Síðasta kvöldmáltíðin

**Biblían** er helgirit kristinnar trúar.

Þess vegna hefur hún verið þýdd á fjölmörg tungumál. Sjáið stórt safn þýðinga á þessum vef [hér](#). Prófið að opna fellilista efst til hægri og velja „ALL“. (Þau sem eru vel læs á tungumál annað en íslensku ættu að gá hvort hér finnst þýðing á það mál. Ef ekki, þá má kannski finna slíka þýðingu annars staðar á netinu.)

Hér finnst meðal annars „Icelandic Bible (ICELAND)“ sem hægt er að velja og opna svo „Bible Book List“ (fellilistann til vinstri) þar sem sést hvernig Biblían skiptist í margar svonefndar *bækur*. Prófið að velja bók og sjá þá, í dálkinum til hægri, hvernig hún skiptist í *kafla*. Opnið kafla og finnið út hvernig er hægt að nota fellilistann til að skoða sama kafla á öðrum málum.

Þetta er reyndar ekki nýjasta íslenska Biblíuþýðingin. Hana má finna, ásamt þremur af þeim eldri, á vef Biblíufélagsins ([hér](#)). Prófið að velja **Biblíu 21. aldar** og sjáið hvernig opna má þrjá lista af *bókum* hennar, **Gamla testamentið** (sem einnig er helgirit Gyðinga), **Nýja testamentið** (aðeins helgirit kristinna) og þar á milli „**apókrýfar**“ bækur sem hafa stundum talist hluti af Gamla testamentinu.<sup>[1]</sup>

Sjáið hvernig Nýja testamentið hefst á **guðspjöllunum** fjórum, frásögnum af lífi og starfi Jesú. Þar er lýst fæðingu hans (fyrstu jólnunum) og brugðið upp svipmyndum frá uppvaxtarárum hans en langmest sagt frá síðustu æviárum hans, eftir að hann er orðinn trúarleiðtogi. Prófið að opna kafla í einu af guðspjöllunum og nota hlekkina neðst á síðunni til að skipta yfir í sama kafla í eldri þýðingum.

Lífi Jesú lauk í Jerúsalem í páskaviku gyðinga. Hann var, að sögn guðspjallanna, handtekinn og krossfestur á föstudegi (*föstudaginn langa* í kristinni hefð), daginn fyrir hvíldardaginn. Kvöldið áður (fimmtudag, *skírdag*) hafði hann, ásamt nánustu samstarfsmönnum sínum, postulunum tólf, fagnað *hátíð ósýrðu brauðanna* með hefðbundinni *páskamáltíð*. Sá atburður nefnist **síðasta kvöldmáltíðin**. Um hana má lesa í guðspjöllunum:

- Markúsarguðspjall, 14. kafli, vers 12-25
- Matteusarguðspjall, 26. kafli, vers 17-30
- Lúkasarguðspjall, 22. kafli, vers 7-23
- Jóhannesarguðspjall, 13. kafli, sjá sérstaklega vers 20-30

Lesið tvær eða þrjár af þessum lýsingum, á íslensku eða öðru máli. (Má líka lesa sömu

lýsingu á tveimur málum og bera saman.) Veljið einn texta til að prenta út og merkið með lit það sem erfiðast er að skilja.

Myndlistarmenn hafa einnig lýst síðustu kvöldmáltíðinni, þeirra á meðal Leonardo da Vinci í einu af sínum þekktustu verkum.

Notið Google til að leita á netinu að „síðasta kvöldmáltíðin“ og veljið flipann „Myndir“. Einnig má leita á öðrum málum, t.d. á ensku „Last Supper“, eða nota [https://is.wikipedia.org/wiki/Síðasta\\_kvöldmáltíðin](https://is.wikipedia.org/wiki/Síðasta_kvöldmáltíðin) til að finna hvað hún heitir á 79 öðrum tungumálum og leita að myndum eftir einhverju af þeim heitum.

Skoðið mynd Leonardos og til samanburðar einhverjar með frábrugðinni uppsetningu. Takið sérstaklega eftir *hvað er á borðinu*.

Veljið einhverja myndina, prófið að stilla upp borðum og stólum þannig að 13 nemendur geti komið sér fyrir líkt og persónur á myndinni. Takið ljósmynd af uppstillingunni.

Skoðið svo til samanburðar kvöldmáltíðarmyndir í pistli sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar *Jesús og síðasta kvöldmáltíðin*. Hver þeirra er líkust ykkar mynd?

## 2 - Jesús smurður

Jesús er líka nefndur **Kristur** sem táknar að hann hafi verið sá **messías** sem Gyðingar höfðu beðið eftir að kæmi til að stofna Guðs ríki á jörð. Orðin, bæði Kristur og messías, merkja eiginlega „*hinn smurði*“. Í samræmi við það segja guðspjöllin sögu af því hvernig kona nokkur hafi óboðin veitt Jesú smurningu.

Sagan er í þremur gerðum. Ein þeirra er bæði í Markúsarguðspjalli (14. kafla, 3-9) og nánast eins í Mattheusarguðspjalli (6-13). Skoðið aðra hvora gerðina. Sjáið svo sömu sögu í Jóhannesarguðspjalli, 13. kafla, 1-8. Hér gerist sagan á sama stað og sama tíma, rétt fyrir síðustu kvöldmáltíðina, og hún endar á sama fræga tilsvári Jesú um að fátæka hafi menn alltaf hjá sér. En hér gerist sagan hjá öðru fólki. Og smurningin sjálf fer öðru vísi fram. Hvernig öðru vísi?

Lítum svo á þriðju gerð sögunnar, hjá Lúkasi, 7. kafla, 36-39. Hér gerist sagan í allt öðru samhengi, á öðrum stað og tíma. En hvaða atriði er hér sameiginlegt með frásögn Jóhannesar, ekki Markúsar eða Matteusar?

Látið nú einhverja leika Jesú, konuna og nokkra veislugesti í viðbót og takið mynd af

smurningunni, annars vegar eins og henni er lýst hjá Markúsi og Matteusi, hins vegar hjá Jóhannesi og Lúkasi. (Notið samt ekki raunveruleg smyrsl!)

### 3 - Setið eða legið?

Smurningu Jesú, sérstaklega eins og Lúkas lýsir henni, hafa myndlistarmenn margoft túlkað. Prófum að skoða nokkur dæmi. Þau má t.d. finna á slóðinni [https://commons.wikimedia.org/wiki/Category:Anointing\\_of\\_Jesus\\_Christ#](https://commons.wikimedia.org/wiki/Category:Anointing_of_Jesus_Christ#). Einnig með því að gúggla „Sinful Woman“ og velja „myndir“.

Uppsetning myndanna er með ýmsum hætti, en þær sem sýna Jesú allan láta hann ýmist sitja á stól eða hálf-liggja á bekk eða sófa. Nú segir Lúkasarguðspjall að Jesús „*settist* til borðs“ og „*sat* að borði í húsi faríseans“. Af hverju taka sumir málarnir ekki mark á því? En það segir líka um konuna („bersyndugu konuna“ eins og hún er kölluð) að hún „*nam staðar að baki Jesú til fóta hans*“. Hvað merkir það eiginlega ef maðurinn situr í stól?

Tökum eftir litlu tákni við orðið „grátandi“. Færum bendilinn á táknið til að sjá skýringu: „Á þessum dögum lágu menn til borðs.“ Nákvæmari skýringu má finna þar sem Matteus (9, 10) segir frá Jesú í enn einni veislunni:<sup>[2]</sup> „Nú bar svo við er Jesús sat að borði[b] í húsi ...“. Flettið upp þessu versni og sjáið hvaða skýring er á bak við þetta litla [b]. Prófið líka að gúggla „triclinium“ (= *borðsalur* á latínu) og velja *myndir*.

Nýja testamentið er þýtt úr grísku og á frummálinu er þarna alls ekki talað um að *sitja* heldur notuð orð sem tákna að *matast liggjandi*. Þegar íslenska Biblían segir „sitja“ og „setjast“ er það eiginlega ekki *þýðing* heldur *staðfærsla*, breyting sem færir lýsinguna nær þeim veruleika sem lesendur þekkja.

Svona er þetta staðfært í öllum íslensku Biblíuþýðingunum, líka mörgum þýðingum á önnur mál. Þó ekki öllum; í ýmsum enskum þýðingum er t.d. notað orðalagið „recline“ eða „recline at table“.<sup>[3]</sup> Út frá því má finna skýringar á ensku; prófið að leita á netinu. Sögulega skýringu má t.d. finna hér:

<https://www.alimentarium.org/en/fact-sheet/table-manners-and-christianity>.<sup>[4]</sup>

### 4 - Kvöldmáltíðin aftur

Í þessari síðastnefndu skýringu er ekki tekið dæmi af veislunni í húsi faríseans heldur einmitt af síðustu kvöldmáltíðinni. Getur verið að þar hafi menn líka „legið til borðs“ þó að íslenska Biblían tali um að „sitja“?

Þegar þið báruð saman ýmis málverk af kvöldmáltíðinni, voru þá einhver þeirra sem sýndu Jesú og postulana liggjandi? Sennilega ekki mörg, því að í myndlist er svo rík hefð fyrir því að sýna þá sitjandi. Hefð sem var orðin rótgróin þegar Leonardo málaði sína útgáfu. Þó notaði rómversk-kaþólska kirkjan Biblíuna í latneskri þýðingu þar sem ekki er talað um að „sitja“ heldur liggja eða hvíla, alveg eins og á gríska frummálinu. Þarna eru það myndlistarmenn sem staðfæra frásögnina, ekki Biblíupýðendur.

Ef þið getið lesið Biblíuna á öðrum tungumálum en íslensku, finnið þið þá kvöldmáltíðarfrásagnir þar sem notað er orðalag sem táknar að liggja, t.d. **recline** á ensku?

Rifjið upp hvað þið funduð á netinu út frá leitarorðunum „triclinium“ og „recline“. Hafði einhver fundið þessa hér: <https://www.julianspriggs.co.uk/Pages/Reclining?> Sjáið hvernig höfundur reynir að sjá fyrir sér sætaskipan við síðustu kvöldmáltíðina.

## 5 – Lærisveinninn elskaði

Í Jóhannesarguðspjalli er stundum talað um „lærisveinninn sem Jesús elskaði“ og þá átt við Jóhannes postula. Í myndlist er Jóhannes yfirleitt sýndur skegglaus sem táknar að hann sé mjög ungur. Getið þið þekkt hann á einhverjum myndum af síðustu kvöldmáltíðinni?

Sjáið aftur Jóhannesarguðspjall, 13. kafla, vers 23. Athugið til samanburðar kafla 21, vers 21 (í Biblíu 21. aldar) eða 20 (í mörgum þýðingum), en það er frásögn sem gerist síðar, eftir að Jesús er stiginn upp frá dauðum. Þarna segir Biblíu 21. aldar um Jóhannes að hann „sat næstur“ Jesú við kvöldmáltíðina, en líka „hallaðist að brjósti hans“. Sáuð þið á einhverjum málverkum að Jóhannes sitji við hlið Jesú og halli sér upp að honum?

Þýðingin „sat næstur“ er eitt af því sem Biblíupýðingin staðfærir þar sem frumtextinn talar alls ekki um að „sitja“. Að hann „hallaðist að brjósti“ Jesú er orðað með svolítið misumandi hætti í þýðingum. Sjáið hvernig það er í GuðbrandsBiblíu og einhverjum af erlendu Biblíupýðingunum.

Ekkert af þessu verður almennilega skiljanlegt nema við sjáum fyrir okkur að Jesús og postularnir *liggi* til borðs. Vætanlega á vinstri hlið og upp við dogg, styðjast við vinstri olnbogann til að geta teygst sig í matinn með hægri hendinni. Jesús og Jóhannes liggja greinilega á sama bekk og snýr Jóhannes baki í Jesú.

Þá er Jóhannes sá eini sem Jesús getur talað við án þess að aðrir heyri. Ef við lesum aftur kvöldmáltíðarlýsingu Jóhannesarguðspjalls (13. kafla 21–30), segir Jesús þá eitthvað sem aðeins Jóhannes heyrir?<sup>[5]</sup>

## 6 - Svikarinn afhjúpaður

Þó að guðspjöllin lýsi síðustu kvöldmáltíðinni með nokkuð mismunandi hætti, þá eru þó viss atriði sameiginleg. Eins og það að Jesús sjái fyrir að einmitt Júdas muni svíkja sig.

Lúkasarguðspjall er hér nokkuð sér á parti. Þar segir Jesús, meðan á máltíðinni stendur: „En sjá, hönd þess er mig svíkur er á borðinu hjá mér.“ Meiri upplýsingar fá postularnir ekki.

Í hinum guðspjöllunum segir Jesús fyrst að einn af þeim tólf muni svíkja sig. Þeir vilja vita hver það sé. Og Jesús bætir við vísbendingu. Hjá Lúkasi var vísbendingin að hönd svikarans sá á borðinu hjá Jesú. Hvaða vísbendingu gefur hann samkvæmt Markúsi og Matteusi? En samkvæmt Jóhannesarguðspjalli? Heyra allir postularnir hvað Jesús segir, og vita þeir að hann meinar Júdas?

Rifjið upp málverkin af síðustu kvöldmáltíðinni sem þið voruð búin að skoða. Sýna einhver þeirra þennan þátt í atburðarásinni: spádóm Jesú um svik Júdasar eða vísbendingu hans um hver svikarinn sé?

Á sumum myndunum má þekkja Júdas á því að hann heldur á peningapyngju, sameiginlegum sjóði Jesú og förunauta hans. Af öðrum postulum má oft þekkja Jóhannes, ungan og skegglausan, og Pétur en hann er jafnan sýndur sem roskinn maður, grá- eða hvíthærður með alskegg og stundum skalla. Athugið hvort málverkin sýna þessa þrjá vera að gera eitthvað sérstakt.

## 7 - Bitanum dýft í

Vísbendingar Jesú um svik Júdasar snúast flestar um einhvers konar **bita** sem annaðhvort Jesús einn eða þeir Júdas báðir **dýfa í** eitthvað. Samkvæmt Biblíu 21. aldar talar Jesús í Jóhannesarguðspjalli um „bita þann er ég dýfi nú í“ án nánari skýringa. En í öðrum guðspjöllum er það Júdas sem dýfir „brauðinu í fatið“ með Jesú. En til þess að þeir noti sama ílát til að dýfa í liggja þeir væntanlega á sama bekk, Júdas þá að baki Jesú ef Jóhannes liggur fyrir framan hann.

Þarna eru þýðingar dálítið mismunandi. Reynið að finna einhverjar, bæði eldri íslenskar og á erlend mál, sem nefna ekki beinlínis *brauð*.

Að þetta sé brauð er nefnilega staðfærsla, viðbót til þess að gera lýsinguna skiljanlega íslenskum lesanda. Hvaða mat þekkjum við sem tíðkast að borða með því að dýfa einhverju brauðkyns í eitthvað mýkra?

Nú eru *brauðið* og *vínið* tvö aðalatriðin í heilagri kvöldmáltíð. Þess vegnar er einmitt útteilt brauði og víni við altarisgöngu. Við kvöldmáltíðina „tók Jesús brauð, gerði þakkir, braut það og gaf lærisveinunum.“ Mjög líklega hafa þeir svo borðað brauðið með því að dýfa því í eitthvað. Vandinn er hins vegar sá að Jesús braut ekki brauðið fyrir en *eftir að* þeir Júdas dýfðu saman í fatið.

Er þá mögulegt að þeir hafi verið að dýfa einhverju allt öðru en brauði? Prófum að gúggla nokkur hugtök sem lúta að páskahaldi Gyðinga:

## **Pesach - Haggadah - Seder - Karpas**

Örugglega finnast skýringar á ensku. Svo má nota Wikipedíu til að færa sig yfir í önnur tungumál.

Nú er ekki víst að Jesús og postularnir hafi haft sína páskamáltíð nákvæmlega eins og Gyðingar gerðu seinna. En hvað *gæti* það hafa verið, annað en brauð, sem þeir Jesús og Júdas „dýfðu í“?

## Nánari skýringar

<sup>[1]</sup> Apókrýf *guðspjöll* eru líka til sem ekki voru tekin með í Nýja testamentið og tilheyra ekki Biblíupýðingunum.

<sup>[2]</sup> Sama saga er sögð hjá Lúkasi (5, 27-30), að nokkru með sama orðalagi (t.d. ávarp Jesú: „Fylg þú mér!“), en tollheimtumaðurinn þar nefndur Leví, ekki Matteus. Þetta er dæmigert um frásagnir guðspjallanna sem oft eru tilbrigði um sameiginlegan kjarna. Tollheimtumenn voru í þjónustu Rómverja og því illa séðir hjá þjóðernissinnuðum Gyðingum.

<sup>[3]</sup> Nemendur hafa kannski rekist á mjög sérviskulega þýðingu sem notar „recline (at meat)“. Þar er „meat“ ekki í merkingunni *kjöt* heldur löngu úreltri merkingu: *matur* (enda er það upprunalega sama orðið, *meat* og *matur*).

<sup>[4]</sup> Á dögum Jesú höfðu Rómverjar lagt undir sig Gyðingaland. Þess vegna var það rómverskur landstjóri, Pílatus, sem lét rómverska hermann krossfesta Jesú í Jerúsalem. (Innlendir konungar: Heródes sem nefndur er í jólaguðspjallinu og annar Heródes, sonur þess fyrri, sem Pílatus hafði samband við vegna krossfestingarinnar, voru undirmenn keisarans í Róm.) Þá virðist ekki óeðlilegt að fína fólkið meðal Gyðinga hafi tekið upp eitthvað af siðum Rómverja, svo sem borðsiðina. En það var raunar ekki af Rómverjum sem Gyðingar lærðu að liggja til borðs heldur af nágrönnum sínum í Asíu. Rómverjar höfðu lært

það líka og þá af Grikkjum. Eftir að Alexander mikli lagði undir sig Mið-Austurlönd var grísk menning lengi áhrifamikil á því svæði, einnig eftir að Rómverjar komust þar til valda, og nærtækari fyrirmynd fyrir Gyðinga en menning Rómverja. Enda er Nýja testamentið skrifað á grísku, ekki latínu.

<sup>[5]</sup> Þegar Pétur biður Jóhannes að spyrja Jesú hver svikarinn sé, af hverju spyr hann ekki bara sjálfur? Væntanlega til þess að Jesús geti svarað án þess að allir heyri.

---

## Um höfund

**Helgi Skúli Kjartansson** (f. 1949) er sagnfræðingur að mennt (cand.mag. frá HÍ 1976) og fyrrverandi prófessor í þeirri grein, síðast við Menntavísindasvið HÍ en kenndi lengst sögu og skólasögu við Kennaraháskóla Íslands. Helgi Skúli hefur verið virkur á mörgum sviðum íslenskra fræða og sinnt jöfnum höndum rannsóknum - meðal annars á íslenskri skólasögu - og miðlun, þar á meðal námsefnisgerð í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla.

---

**SKÓLAÞRÆÐIR**  
TIWAKET SAMTARA EYDAPÓLES OM SKÓLAPRÓD

Grein birt 2. júní 2026